

**3232. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
28. desember 2017 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1702057 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2017**

11. mál til umsagnar - frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (fasteignasjóður).

26. mál til umsagnar - frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir.

27. mál til umsagnar - frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (samningur Sp um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýsla og húsnæðismál).

40. mál til umsagnar - frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur).

*Lagt fram til kynningar.*

**2. 1702004 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2017**

Viðauki nr. 3 við fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar 2017.

Andrés Ólafsson verkefnastjóri situr fundinn undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 3 við fjárhagsáætlun ársins 2017 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.*

**3. 1712082 - Lántaka v/ lífeyrisskuldbindinga 2017**

Lánaumsókn vegna greiðslu lífeyrisskuldbindinga (A-deild).

*Bæjarráð samþykkir hér með að taka lán hjá Lánaþjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 372.000.000, með lokagjaldþaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og bæjarráðsfulltrúar hafa kynnt sér.*

*Bæjarráð samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.*



*Er lánið tekið til fjármögnunar á uppgjöri á lífeyrissjóðsskuldbindinu hjá Brú lífeyrissjóði (A- deild) sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.*

*Jafnframt er Sævari Frey Þráinssyni, kt. 160671-3439, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Akraneskaupstaðar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.*

*Bæjarráð vísar ákvörðuninni til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.*

**4. 1708014 - Heimsendur matur - beiðni um endurskoðun samnings 2017**

Frá árinu 2013 hefur verið samkomulag, milli Akraneskaupstaðar og Ara Grétars Björnssonar, um þjónustu á akstri á heimsendum mat til eldri borgara og öryrkja á Akranesi. Ari Grétar óskaði eftir hækkun á samningsupphæð sem hefur verið óbreytt frá 2013 eða kr. 208.000 á mánuði auk virðisaukaskatt.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir hækkun upp á kr. 42.000 á mánuði frá 1. desember 2017 og að kostnaður verður færður á milli bókhaldslykla í fjárhagsáætlun. Ekki verður því gert ráð fyrir hækkun á fjárhagsáætlun vegna kostnaðar við hækkun á samningi. Velferðar- og mannréttindaráð vísar afgreiðslu sinni til kynningar í bæjarráði.

*Bæjarráð samþykkir hækkun á samningsbundnum greiðslum við Ara Grétar Björnsson vegna akstri á heimsendum mat til eldri borgara og öryrkja á Akranesi. Samningsgreiðslur verði kr. 250.000 auk virðisaukaskatts á mánuði frá 1. desember 2017.*

*Gert er ráð fyrir heildarkostnaðinum að fjárhæð 3,0 mkr. vegna þessa liðar í fjárhagsáætlun ársins 2018.*

**5. 1712101 - Áfangastaðaáætlun DMP á Vesturlandi**

Erindi vegna Áfangastaðaáætlunar DMP á Vesturlandi.

*Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri situr fundinn undir þessum lið.*

*Lagt fram til kynningar.*

**6. 1712183 - Lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi - áskorun um sameiginlega samþykkt**

Erindi lögreglustjórans á Vesturlandi um sameiginlega lögreglusamþykkt fyrir Vesturland.

*Bæjarráð samþykkir tillögu lögreglustjórans á Vesturlandi um samhljóða lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

*Bæjarráð leggur til að í byrjun ársins 2018 verði sett fram tillaga að sameiginlegri lögreglusamþykkt fyrir Vesturland sem lögð verði fyrir bæjarráð og e.a. bæjarstjórn í framhaldinu til formlegrar afgreiðslu.*



**7. 1712147 - Gamla Kaupfélagið - tækifærisleyfi**

Umsagnarbeiðni um tækifærisleyfi fyrir Gamla Kaupfélagið vegna dansleiks á annan í jólum og um áramótin.

*IP vîkur af fundi undir þessum lið.*

*Afgreiðsla bæjarstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarskôp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.*

*IP tekur sæti á fundinum að nýju.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:30.**

*Ólafur Höfnun*  
*Vilhjalmur P. Guðbjartsson*  
*Rakel Óskarsdóttir*  
*Friðbjörg Valdimarsd.*  
*Friðbjörg Guðnadóttir*  
*Ólafur Freyr Kristjánsson*  
*Selma Abilguson*